



## Skólaárið 2016-2017

Fyrsti fundur skóla- og foreldraráðs haldinn í skólanum 20. september 2016 kl. 8-9

Mætt voru: Gunnþór skólastjóri, Heike fulltrúi grunnskólakennara, Hanna fulltrúi leikskólakennara, Elín fulltrúi annars starfsfólks, Sigurður fulltrúi foreldra leikskólabarna og grenndarsamfélags, Kristín fulltrúi foreldra grunnskólabarna.

### 1. Hlutverk

Fundarfólk boðið velkomið og nýtt fólk í ráðinu sérstaklega. Rætt um hlutverk skóla- og foreldraráðs sem má kynna sér á heimasíðu [hér](#).

### 2. Áætlanir og gögn

Skólastjóri varpaði heimasíðu skólans upp á vegg og fór yfir ýmis gögn á heimasíðu s.s. skólanámskrá, starfsáætlun, eineltisáætlun, skólareglur og annað sem mikilvægt er fyrir skólaráð að kynna sér og hafa skoðun á. Ráðið kynnti sér hin ýmsu gögn og umræður áttu sér stað um þau.

### 3. Heimasíða

Á næsta ári tekur sveitarfélagið í notkun nýja heimasíðu og þá um leið verður síða skólans uppfærð samkvæmt því formi. Heimasíðan er virk og þar eru allar upplýsingar um skólann og starfsemi hans.

### 4. Önnur mál

Rætt um götuna í Árskógi sem er afar holótt og þarf að lagfæra. Rætt um mötuneytismál en samkvæmt samningi er komið að útboði í vor og er vilji til að matur verði eldaður í Árskógi.

Fleira ekki gert, næsti fundur verður í desember/janúar, fundargerð ritaði Gunnþór skólastjóri